



LÍFEYRISSJÓÐUR  
STARFSMANNA  
SVEITARFÉLAGA

AKRANESKAUPSTAÐUR		
1.20.13	auj	4 MARS 2015
Ab.m. RA	Urvaðill RA	Vett. RA
Símtal	Tölvup.	Fax STA/AÓ
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. Önn 1503049		

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

Reykjavík, 26. febrúar 2015

### Efni: Endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri lífeyrisþega í fyrrum Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga þann 9. febrúar sl. var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 5. febrúar sl., þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS haldist óbreytt eða 56% fyrir árið 2015.


Stjórn lífeyrissjóðsins starfsmanna sveitarfélaga samþykkti tillögu tryggingastærðfræðingsins fyrir sitt leyti og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr. í samþykktum LSS sem er svohljóðandi:

*Bæjarsjóðir og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.*

*Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.*

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðingsins.

Virðingarfyllt,  
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga

  
Gerður Guðjónsdóttir

2015-02-05

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri  
Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

### Hlutfall endurgreiðslu lífeyris vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði í 49. grein um skyldu aðildarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris í B-deild. Ákvæðið er svohljóðandi :

“49. Bæjarsjóðir og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum ídgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Taki starfsmenn aðildarstofnunar eða fyrirtækis ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna og hafi ákvæði um takmörkun ídgjaldgreiðslna ekki verið beitt er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall viðkomandi aðila sérstaklega.”

Ekki hefur verið upplýst um að ákvæði síðustu málsgreinar eigi við einhverja sjóðfélaga sem réttindi eiga í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

Útreikningar voru gerðir 2012 eftir sambærilegu ákvæði í samþykktum Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar vegna endurgreiðslna á árinu 2013. Var niðurstaðan að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og forsendum reiknaðist endurgreiðsluhlutfall 56%. Forsendur útreikninga hafa ekki breyst frá þeim tíma og er lagt til að endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins verði hið sama árið 2015, eða 56%.

Virðingarfyllt,



Bjarni Guðmundsson, cand.act.  
Tryggingastærðfræðingur